



350. Stjórnarfundur haldinn 24. mars. 2010 kl:18:00
Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og hún samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bæklingur v/ heimildarmyndar sem Garðar Ö. Arnarsson og Sigurður Jónsson eru að gera, Tölvupóstur frá Guðbergi Reynissyni ritara ÍRB v/ skil á ársskýrslu og reikningum, borðfána og öðrum upplýsingum, Bréf frá UMFÍ plakat og bæklingur v/ 13. unglíngalandsmóts UMFÍ haldið í Borganesi.

3. Send bréf.

Guðbergi Reynissyni ritara ÍRB hefur verið send ársskýrsla og reikningar félagsins fyrir árið 2009 og einnig er búið að skila öðrum þeim gögnum sem beðið var um. Afrit sent formanni og varaformanni ÍRB.

4. Malarvallarsvæðið við Hringbraut.

EH hefur undirritað samkomulag við RNB vegna framkvæmda á malarvellingum.

5. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

EH sagði frá því að nefndin væri búinn að funda og að BI hefði verið kjörinn formaður nefndarinnar og gaf honum orðið. BI fór nokkrum orðum um innkaup inn á skrifstofur og annan þann búnað sem við þyrftum að sjá um sjálf. Nefndin leggur til að óskað verði eftir því að veggur sem skilur að endaherbergin tvö að sunnanverðu verði tekin niður og það verði eitt herbergi. Samþykkt að fela BI að óska eftir þessari breytingu við verktakan.

6. Fundir með deildum félagsins.

EH lagði fram drög að dagskrá fundar sem yrði með deildum félagsins. Drögin samþykkt með smá breytingum. Ákveðið að funda með knattspyrnu-, körfuknattleiksdeild

7. Önnur mál.

Bláa Lónið hefur gert samning við deildir félagsins. Heimir Karlsson og Lárus Guðmundsson voru með kynningu fyrir deildir félagsins v/ gott kort (fjáröflun). Ákveðið að tala við Jón B. Einarsson um að taka að sér að sjá um farastjórn á 13. ULM sem fram fer í Borganesi. Umræður um K-merktar treyjur og aðkomu aðalstjórnar varðandi þátttökugjöld og treyjur.

Næsti fundur 08.04. kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00
Fundinn ritaði BI

